

Skógræktarfélag Grímsnesinga

Ársskýrsla 2024

Starfs skógræktarfélags Grímsnesinga var nokkuð hefðbundin. Aðalfundur ársins 2024 var haldin í félagsheimilinu Borg 9. apríl.

Komið var að kosningu formanns og gaf Sigríður Björnsdóttir ekki kost á sér til endurkjörs. Nýr formaður var kosin Jóna Björg Jónsdóttir. Félagið þakkar Sigríði fyrir vel unnin störf í þágu félagsins undanfarin tvö kjörtímabil.

Eins og undanfarin ár þá er Yndisskógurinn okkar helsta verkefni. Þar voru settar niður þær plöntur sem félagsmönnum var úthlutað en óskuðu ekki eftir að nýta sjálfir eða ekki voru sóttar.

Útplöntunardagur í Yndisskóginum var 29. maí 2024 sem gekk vel og var vel mætt af bæði félagsmönnum, hjálparsveitinni Tintron og öðrum hjálparkokkum á öllum aldri.

Settar voru niður plöntur sem keyptar voru hjá Öl á Sólheimum:

- Ilmbjörk (birki) 70 stk. (úr pottum).
- Gráölur 20 stk. (úr pottum).
- Svartölur 140 stk. (bakkaplöntur).
- Rauðgreni 40 stk. (bakkaplöntur).

Einnig voru settar niður stórar (ca. 100-150 cm) plöntur sem keyptar voru hjá Gróðrastöðinni Kjarri:

- Birki, 6 stk.
- Sitkaelri, 5 stk.
- Gráelri, 5 stk.
- Skrautreyrnir, 5 stk.
- Fjallareynir, 6 stk.
- Sitkagreni, 3 stk.

Plantað var aðallaega í námunda við bílastæðið og í austur frá því og grillhúsinu.

Kerhólsskóli fékk úthlutð bakkaplöntum frá Yrkjusjóði sem nemendur og starfsmenn skólans settu niður í Yndisgarðinn síðastliðið haust (2024).

Eftir skoðun formanns í byrjun maí á plöntum sem hafa verið settar niður undanfarin ár þá má sjá að plöntur sem settar eru niður þegar þær eru komnar aðeins meira af stað en bakkaplönturnar, virðast dafna vel. Meiri afföll virðast vera af bakkaplöntum sem má telja eðlilegt þar sem rótarkerfi þeirra er minna og því erfiðara fyrir þær að ná sér í næringu. Þess má geta að þessar stærri plöntur hafa aðalega verið settar niður í

námunda við grillhúsið og í austur og suðaustur af því. En þar er meira skjól fyrir norðan og norðaustanáttum sem eru ríkjandi á svæðinu.

Nú er nýja grillhúsið tilbúið og aðal göngustígarnir komnir með bekkjum víðsvegar til að tylla sér á og 9 körfu folfveli. Gaman er að sjá að fólk er farið að nýta sér aðstöðuna og þar af leiðandi farið að nýta Yndisskóginn til fjöldskyldusamveru og útivistar eins og hann var hugsaður í upphafi.

Dags 12. maí 2025



Jóna Björg Jónsdóttir

Formaður skógræktarfélags Grímsnesinga

Skógræktarfélag Grímsnesinga

REKSTRARREIKNINGUR

fyrir árið 2024

TEKJUR:

Kr.

Vaxtatekjur.....	102.746
Félagsgjöld fyrir 2023 og 2024.....	180.277
Styrkur frá Grímsnes-og Grafningshreppi.....	371.792
Samtals:	<u>654.815</u>

GJÖLD:

Fjármagnstekjuskattur.....	22.604
Innheimtu- og þjónustugjöld.....	8.363
Aðkeyptar trjáplöntur frá Kjarri ehf.....	394.000
Aðkeyptar trjáplöntur frá Sólheimasetri ses.....	244.200
Samtals:	<u>669.167</u>

Tekjur/tap umfram gjöld: - 14.352

Eign í banka: 1.683.502

Borg 8. maí 2025

Staður og dagsetning

Erna Björg Jónsd.
formaður

Boazi Svavarsson
gjaldkeri

Ísleif Guðmund
ritari

Reikningar hafa verið yfirfarnir og samþykktir af kjöllum endurskoðendum félagsins:

Þorvaldur Kjartansson
Þorvaldur Kjartansson

Erna Jónsdóttir
Erna Jónsdóttir

Aðalfundur skógræktarfélags Grímsnesinga 8.5.2025 í Félagsheimilinu Borg kl 20.00

Mættir, Jóna Björg, formaður, Bragi gjaldkeri, Jakob ritari, Þorkell Stærri-Bæ, Sigríður á Borg, Valdimar og Erna, Sólheimum og Anna Soffía, Kaldárhöfða

Setning fundar

Jóna Björg formaður býður fundargesti velkomna og leggur til að Sigríður verði fundarstjóri og Jakob verði ritari.

Fundargerð síðasta fundar

Jakob les upp fundargerð síðasta aðalfundar lesin um upp og samþykkt samhljóða

Skýrsla stjórnar 2024

Jóna Björg les upp skýrslu stjórnar fyrir 2024 og hún samþykkt samhljóða með lófaklappi

Fundarhlé gert til þess að kaffiveitingarverði ekki eftir. Og umræður um að gaman væri að fara í vettvangsferðina í sumar sem átti að vera á síðasta ári

Reikningar 2024

Bragi fer yfir ársreikning 2024 og hann borinn undir atkvæði og hann samþykktur samhljóða.

Kosningar

Bragi gjaldkeri gefur ekki kost á sér áfram í stöðu gjaldkera. Jóna Björg leggur til að Sigríður verði gjaldkeri. Sigríður Björnsdóttir kosinn einróma.

Inntaka nýrra félaga

Engir nýjir félagar á fundinum.

Önnur mál

Hækkun félagsgjalda. Jóna Björg leggur til að hækka eigi félagsgjöldin sem eru 2500 krónur og hafa verið það um árabil. Tillagan leggur til 4000 kr árgjald. Samþykkt samhljóða.

Anna Soffía rifjar upp að hún stakk uppá því fyrir nokkrum árum að Skógræktarfélagið myndi gefa skólanum eplatré, talað um að þau hafi verið gefin en fundarmenn muna ekki hvernig þeim líður.

Sigríður vill að félagið hvetji sveitarstjórn til þess að láta taka dauðu trén sem voru flutt úr þéttbýlinu og voru flutt með offorsi og vankunnáttu. Formann falið að heyra í hreppnum og finna lausn á málinu.

Skemmtilegar umræður um trjátegundir og fjölda opinna skóga í Grímsnes- og Grafningshrepps.

Lagt til að gróðursetningardagur verði 5.júní.

Ekki fleira tekið fyrir. Fundi slitið 21.30

Fundargerð rituð í tölvu af Jakobi Guðnasyni